

GJALDSKRÁ

vatnsveitu í Fjallabyggð.

1. gr.

Gjaldskylda.

Fjallabyggð innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

Ráðstöfun gjalda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða.

Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

3. gr.

Heimæðargjald vatnsveitu.

<i>Pvermál heimæðar PE – mm</i>	<i>Verð í kr.</i>	<i>Verð í kr. pr. metra umfram 30 metra</i>
32	194.800	5.300
40	261.800	7.140
50	295.900	8.060
63	336.500	9.180
75	362.900	9.690
90	527.700	14.380

Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfíu dýpi frá tengistað vatnsveitu Fjallabyggðar við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis, og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af starfsmönnum vatnsveitu.

Innifalið í heimæðargjaldi er allt að 30 metra lögn. Ef heimæð er lengri en 100 metrar skal samið sérstaklega um heimæðargjald. Heimæðargjald fyrir inntök > 90 mm er reiknað út hjá vatnsveitu Fjallabyggðar.

4. gr.

Aukagjöld vegna sérstakra aðstæðna.

Við sérstakar aðstæður, s.s. vegna frosts í jörðu og sprengingar á klöpp, skal greitt sérstakt álag er nemur 25% sem leggst ofan á heimæðargjald skv. 3. gr.

Purfi að koma til dælingar vegna vatnsaga við lagningu heimæða, skal lóðarhafi greiða eftirfarandi:

Vatnsdæla	3.060 kr./sólarhring
Rafstöð fyrir dælu	4.080 kr./sólarhring

5. gr.

Vatnsgjald.

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélagini sem tengdar hafa verið vatnsveitu. Álagningarástofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,35% af fasteignamati viðkomandi fasteignar, ásamt lóð.

6. gr.

Notkunargjald.

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa skal innheimt sérstakt notkunargjald. Fjárhæð notkunargjalds er 15 kr. á rúmmetra vatns, skv. mælingu.

Reglur um afslætti til stórnötenda:

<i>Flokkur</i>	<i>Magn</i>	<i>Afsláttur</i>
Almennt gjald	100.000 m ³	0%
1. Afsláttarflokkur	100.000-250.000 m ³	15%
2. Afsláttarflokkur	> 250.000 m ³	25%

7. gr.

Mælaleiga.

Þeim sem greiða skulu notkunargjald skv. 6. gr. skulu látnir í té vatnsmælar. Notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveitan er eigandi mælanna og skal greidd fyrir þá ársleiga sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	6.930 kr.
20 – 24 mm	9.180 kr.
25 – 31 mm	11.420 kr.
32 – 39 mm	13.770 kr.
40 – 49 mm	18.360 kr.
50 – 74 mm	55.000 kr.
75 – 99 mm	59.670 kr.
100 mm og stærri	64.250 kr.

8. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu starfsmanna í þjónustumiðstöð Fjallabyggðar er sem hér segir:

<i>Starfsmaður</i>	<i>Verð pr./klst.</i>
Verkstjóri	kr. 5.100 + vsk
Vélamaður	kr. 4.800 + vsk
Iðnaðarmaður	kr. 5.100 + vsk
Verkamaður	kr. 4.280 + vsk

9. gr.

Gjalddagar.

- a) Heimæðargjald: Gjalddagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Í þeim tilvikum er lóðarhafi, með samþykki skipulags- og umhverfisnefndar, nýtir lóð undir annað en byggingu miðast gjalddagi heimæðargjalds við tengingu heimæðar.
- b) Vatnsgjald: Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákvæður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.
- c) Notkunargjald: Gjalddagar notkunargjalds eru á fjögurra mánaða fresti. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.
- d) Mælaleiga: Gjalddagi leigugjalds fyrir mæli er 1. febrúar. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.

10. gr.

Greiðsluskilmálar.

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalda vatnsveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur bera almenna bankavexti.

Nr. 1271

18. desember 2017

11. gr.
Innheiminta o.fl.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undanenginni skriflegri aðvörum.

Notkunargjald og leigugjald fyrir mæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

12. gr.
Uppfærsla.

Gjaldskrá þessa skal bæjarstjórn taka til endurskoðunar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

13. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Fjallabyggðar með heimild samkvæmt 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitir sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitir sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1306/2016 fyrir vatnsveitu í Fjallabyggð.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 13. desember 2017.

Fjallabyggð, 18. desember 2017.

Guðrún Sif Guðbrandsdóttir,
deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála.

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2018